

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 354/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Magnúsi Ólafssyni**

(Magnús Thoroddsen hrl.),

**Halldóri Má Sverrissyni og**

**Brynjari Valdimarssyni**

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Fjárhættuspil. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærðu, sem áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni af ríkissaksóknara 15. júní 1993, krefjast sýknu af kröfum ákærvaldsins. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt framburði ákærðu stóðu þeir í félagi fyrir fjárhættuspili í húsnæði að Ármúla 15 í Reykjavík, sem þeir höfðu á leigu. Verulegar fjárhæðir gátu verið í húfi. Þátttakendum og gestum stóð til boða áfengi, sem að minnsta kosti stundum var greitt fyrir. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakfellingu ákærðu fyrir brot gegn 1. mgr. 183. gr. og 184. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 18. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr., áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar. Fésekt á hendur hverjum ákærðu þykir hæfilega ákveðin 300.000 krónur í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og sakarkostnað.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en fésektir ákærðu.

Ákærðu, Magnús Ólafsson, Halldór Már Sverrisson og Brynjar Valdimarsson, greiði hver um sig 300.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús Ólafsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Ákærðu Halldór Már Sverrisson og Brynjar Valdimarsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 7. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-74/1993: Ákærvaldið gegn Magnúsi Ólafssyni, Halldóri Má Sverrissyni og Brynjari Valdimarssyni, sem dómtekið var 19. mars sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. febrúar 1993, á hendur ákærðu, Magnúsi Ólafssyni, Túngötu 26, Reykjavík, kt. 180254-579, Halldóri Má Sverrissyni, Logafold 108, Reykjavík, kt. 180572-570, og Brynjari Valdimarssyni, Efstasundi 70, Reykjavík, kt. 301267-460, „fyrir hegningarlagabrot og áfengislagabrot með því að hafa á tímabilinu frá 18. september 1992 til 10. október 1992 í húsnæði að Ármúla 15, Reykjavík, sem ákærðu höfðu á leigu, rekið í félagi fjárhættuspil („black jack“ eða 21 og rúllettu) í atvinnuskyni og sér til ávinnings og jafnframt í tengslum við þessa starfsemi veitt þeim, sem eftir því leituðu, áfengi gegn gjaldi.

Telst þetta varða við 183. og 184 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 18. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengisлага nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að þola upp-  
töku á eftirtöldum varningi, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, sam-  
kvæmt 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga:

1. spilapeningum,
2. sérsníðuðum spilaborðum fyrir „black jack“ og rúllettu ásamt fylgi-  
hlutum,
3. bjór á flöskum, 66 flöskur, bjór í dósum, 60 dósir, bjór í kössum,  
6½ kassi, áfengi af ýmsum tegundum, 18 flöskur, þar af nokkrar áteknar“.

#### *Málavextir.*

Laugardaginn 10. október 1992 laust eftir miðnætti gerði lögregla húsleit  
í Ármúla 15 vegna grunar um, að þar væri rekið „spilaviti“. Þegar að var  
komið, sat fólk að spilum, og voru spilapeningar á borðum. Var öll spila-  
mennska stöðvuð og starfsmenn handteknir. Hald var lagt á áfengi, 282  
flöskur, og 60 dósir af bjór og 18 flöskur af sterku áfengi, sumar áteknar.  
Þá var lagt hald á 3429 spilapeninga af ýmsum gerðum, reiðufé og tékka.  
Í reiðufé reyndust vera 871.000 krónur og 100 dollarar og í tékkum  
1.472.387 krónur.

Ákærðu stofnuðu saman fyrirtækið Klakann og tóku á leigu húsnæði  
í Ármúla 15 til starfseminnar. Leigugjaldið var 75.000 krónur á mánuði.  
Lögðu þeir saman 3.000.000 krónur til starfseminnar, bæði í stofnkostnað  
og sjóð. Komu þeir þar fyrir ýmislegum búnaði, svo sem rúllettu og spila-  
borðum. Hjá ákærðu störfuðu tíu manns, ýmist við að þjóna gestum til  
borðs eða við spil. Starfsemin fór þannig fram, að gestir keyptu spila-  
peninga af ákærðu, sem þeir lögðu undir, og spiluðu á móti þeim eða  
öðrum á vegum ákærðu. Spilapeningarnir fengust í eftirtöldum fjárhæðum:  
kr. 50, 100, 500, 1000, 2500, 5000 og 10.000. Auk þess var hægt að skipta  
á spilapeningum og 100.000 króna platta við rúllettuna, þegar mönnum  
hafði græðst mikið af spilapeningum. Spiluð var rúlletta við eitt borð, en  
21 eða svo nefndur „black jack“ við tvö borð. Gekk á ýmsu í spilunum,  
og hefur komið fram, að mest hafi tap eins manns á kvöldi orðið 250.000  
krónur, en mestur gróði 340.000 krónur. Við rúllettuna gátu setið sex menn  
í einu, en fleiri gátu spilað í henni í senn. Við hvort hinna borðanna tveggja  
gátu spilað sex menn í einu. Gestir fengu veitingar, áfengi, kaffi, gosdrykki  
og samlokur. Þá var selt þarna tóbak. Ekki var ætlast til þess, að gestir  
greiddu beinlínis fyrir veitingarnar, en þegar vel gekk hjá þeim, gáfu þeir  
spilapeninga í þjórfé, en ekkert, ef þeir töpuðu. Að sögn ákærðu er þetta  
í samræmi við alþjóðlega venju í spilavítum. Starfsmenn ákærðu þágu ekki  
laun frá þeim, heldur fengu þeir hlut af þjórfénu. Fé þetta skiptist þannig,  
að helminginn fékk „Klakinn“ til þess að vega upp kostnað af veitingum  
og öðru, en hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli allra starfsmanna, sem

voru við störf það kvöldið. Tóku ákærðu jafnan hlut á móti öðrum starfsmönnum, ef þeir voru við störf. Í rúllettunni varð að leggja minnst 50 krónur undir, en mest 1000 krónur á hverja tölu. Á hinum borðunum var lágmark 200 krónur og hámark 5000 krónur annars vegar, en hins vegar 500 og 10.000 krónur.

Ákærðu sögðust við lögreglurannsókn málsins ekki hafa staðið í þessu beinlínis til þess að hagnast á því, en þeir væru haldnir spilafíkn. Hefði þeim ofboðið, hve miklu þeir eyddu í spil, og því ákveðið að stofna fyrirtækið og spila hjá sjálfum sér og hagnast á öðrum, sem kæmu til að spila. Hefðu þeir ætlað að verja hagnaðinum, ef einhver yrði, í staðinn. Hefur komið fram hjá þeim, að þeir hafi tapað 280.000 krónum á þeim þremur vikum, sem starfsemin hefði varað. Ákærðu hafa dregið úr þessu atriði hér fyrir dómi og sagt, að þetta væri rangt eftir sér haft. Það athugast, að ákærðu áttu kost á aðstoð lögmanns við yfirheyrslurnar hjá lögreglu.

#### *Niðurstaða.*

Með því, sem rakið hefur verið, er sannað, að ákærðu létu fara fram fjárhættuspil í húsnæði því, sem þeir höfðu til umráða, og höfðu af því tekjur. Skiptir í því sambandi ekki máli, hvort hagnaður eða tap hafi orðið af starfseminni í heild. Þá er upplýst, að hér var á ferð umfangsmikil starfsemi, sem velti háum fjárhæðum. Verður í ljósi þess að telja, að ákærðu hafi staðið að þessu í atvinnuskyni, og skiptir þá ekki máli, þótt þeir kunni einnig að hafa haft aðra atvinnu. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er einnig, að gestir þágu áfengisveitingar hjá ákærðu og létu af hendi rakna þjórfe, þegar þeim græddist fé í spilunum. Ákærðu áskildu sér helming fjárins, m. a. til þess að standa straum af áfengisveitingunum, en hinn helmingurinn fór í þóknun til starfsfólks. Verður að telja, að þetta hafi verið gjald í skilningi 18. gr. áfengislaga, og hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við þá grein, sbr. 33. gr. laganna.

#### *Viðurlög.*

Ákærða Magnúsi hefur verið refsað einu sinni fyrir ölvunarakstur og ákærða Halldóri Má einu sinni fyrir ölvun við akstur og einu sinni fyrir önnur umferðarlagabrot. Ákærða Brynjari hefur verið refsað tvisvar fyrir ölvun við akstur og einu sinni fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga auk umferðarlagabrots.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingar þeirra og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir vera rétt að gera hverjum ákærðu að greiða 2.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi níutíu daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan átta vikna frá dómsbirtingu.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærðu til þess að þola upptöku til ríkissjóðs á 3429 spilapeningum og tveimur sérsmíðuðum spilaborðum fyrir „black jack“ og rüllettu. Gerð er krafa um upptöku á fylgihlutum, en óvíst er, hvað átt er við með því, og ber að vísa frá dómi upptökukröfunni að því leyti. Þá eru ekki lagaskilyrði til þess að gera upptækt það áfengi, sem fannst hjá ákærðu.

Dæma ber ákærða Magnús til þess að greiða verjanda sínum, Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni hdl., 65.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærðu Halldór Mára og Brynjar til þess að greiða óskipt verjanda sínum, Jóhanni Þórðarsyni hrl., 65.000 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

#### D ó m s o r ð:

Ákærðu, Magnús Ólafsson, Halldór Mára Sverrisson og Brynjar Valdimarsson, sæti hver um sig fangelsi í þrjá mánuði. Framkvæmd refsingar er frestað, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði hver um sig 2.000.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi níutíu daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan átta vikna frá dómsbirtingu.

Ákærðu þoli upptöku til ríkissjóðs á 3429 spilapeningum og tveimur sérsmíðuðum spilaborðum.

Ákærði Magnús greiði verjanda sínum, Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni héraðsdómsslögmanni, 65.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærðu Halldór Mára og Brynjar verjanda sínum, Jóhanni Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, 65.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærðu greiði óskipt allan annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.